

Badmintonmót

Minnislisti fyrir mótshaldara

Fyrir mótið

- Pantu hús að vori áður en forstöðumenn íþróttahúsa fara í sumarfrí.
- Gangu úr skugga um að húsið sé bókað á réttum tíma áður en mótaskrá er birt að hausti.
- Senda mótsboð til aðildarfélaga BSÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir mót, biðja félög um að senda inn skráningar á þar til gerðu skráningarblaði BSÍ og biðja þau um að styrkleikaraða sínum keppendum. Taka skal fram í mótsboði ef mótið er hluti af mótarið BSÍ og setja skal merki samstarfsaðila mótaraðar BSÍ á mótsboðið.
- Huga að gistingu fyrir keppendur félaga sem koma langt að.
- Síðasti skráningardagur í mót skal vera a.m.k. fjórum dögum fyrir mót. Þau sem eru óvön að raða í mót gætu þurft lengri tíma.
- Taka sér góðan tíma í að raða í mótið og helst fá einhvern til að lesa yfir áður en niðurröðun er birt til að koma í veg fyrir að mistök fari í loftið.
- Athuga að röðun í mót skal fylgja mótareglum BSÍ.
- Mótsskrá skal gefa út á netinu (Tournament Software) í síðasta lagi sólarhring áður en mót hefst.
- Senda skal slóðina á mótið til BSÍ, bsi@badminton.is og til félaga sem eiga keppendur á mótinu þegar niðurröðun hefur verið birt á netinu.
- Athuga hvort sjúkrakassi og kælipokar séu til taks í húsinu.

Starfsfólk

- Ákveða hvort eigi að greiða starfsfólki fyrir vinnu á mótinu? Hægt er að gefa starfsfólki t.d. gjafabréf í bío, afslátt á æfingagjöldum o.fl.
- Útvega einn aðila sem er mótsstjóri mótsins auk a.m.k. tveggja til viðbótar í mótsstjórn.
- Finna teljara og dómara. Venjan er að leikmenn telji sjálfir á unglíngamótum.
- Ef þörf verður á línuvörðum er gott að vera búin að nefna það við ákveðna einstaklinga sem eru tilbúnir til að dæma línur.

Aðföng sem þarf að pantu, undirbúa eða fá lánuð

- Pantu bolta. Oft er miðað við þrjú bolta á leik. Gott er að vera með tvo hraða, sérstaklega á fullorðinsmótum.
- Pantu verðlaun fyrir fyrsta og annað sæti í öllum flokkum.
- Kanna hvort nettenging er í húsinu og reyna að útvega 3G netlykil ef tenging er ekki til staðar.
- Ákveða fyrirkomulag verðlaunaafhendingar.
- Kanna hvort hljóðnemi er í húsinu og hvort hann virki. Gott er að hafa auka rafhlöður.
- Kanna með stóla eða sæti fyrir áhorfendur.
- Hafa mótareglur tiltækar, bæði mótareglur BSÍ og alþjóðareglur.

- Vera með til staðar í mótstjórn tölvu, hleðslutæki, prentara, blek, blýanta, pappír, túss, skæri, kennaratyggjó / límband, körfur fyrir teljara eða dómara, harðspjöld fyrir dómarseðla og myndavél.
- Prenta út mótsskrá, þ.e. niðurröðun og tímasetningar leikja og hengja upp á aðgengilegum stað fyrir keppendur og áhorfendur.
- Athuga að hafa merki mótaraðar BSÍ á mótsskránni. Merkið er að finna á heimasíðu BSÍ, www.badminton.is
- Prenta út mótsgjaldalista fyrir hvert félag.
- Prenta dómarseðla áður en mætt er á staðinn svo að hægt sé að hefja mótið þrátt fyrir að eitthvað óvænt komi uppá í tölvu/prentaramálum.
- Útvega teljaraspjöld fyrir dómara/teljara til að sýna stöðuna í hverjum leik.

Kaffi – veitingar

- Kanna hvort veitingasala sé í húsinu eða taka ákvörðun um hvort mótshaldari ætlar að vera með veitingasölu og útvega þá fólk til að sjá um hana.
- Útvega mat fyrir starfsfólk mótsins.
- Gott er að geta boðið upp á kaffi fyrir gesti og gangandi.

Á mótsdögunum

- Merkja velli ef merking er ekki til staðar.
- Setja upp stóla fyrir dómara/teljara.
- Hafa hús klárt til upphitunar a.m.k. hálf tíma fyrir fyrstu leiki.
- Tilvalið er að spila tónlist á meðan upphitun fer fram.
- Mikilvægt að hefja mótið á réttum tíma.
- Færa inn á mótsskrá (sem hangir uppi) úrslit leikja þannig að keppendur og áhorfendur geti fylgst með framgöngu mótsins.
- Uppfæra mótið á netinu eftir hverja skráningu ef nettenging er til staðar í húsinu.
- Gott er að lesa sérstaklega upp í hátalarakerfi þegar úrslitaleikir fara fram svo að áhorfendur geti betur fylgst með framgöngu mótsins.
- Verðlaunaafhending
 - Mikilvægt er að skapa hátíðlega umgjörð um verðlaunaafhendinguna.
 - Gaman er að hafa tónlist þegar verðlaunaafhending er að fara fram.
 - Nöfn sigurvegara skulu lesin upp í hátalarakerfi hússins.
 - Fróðlegt er að lesa upp hvernig úrslitaleikir enduðu.
 - Taka myndir í verðlaunaafhendingu.

Að móti loknu

- Uppfæra lokaúrslit leikja á netinu í síðasta lagi klukkustund eftir mótslok.
- Setja fréttir inn á heimasíðu félagsins eftir mót.
- Gjarnan senda upplýsingar og myndir frá mótinu til Badmintonsambandsins.

- Punkta hjá sér atriði sem mega betur fara á næsta móti.

Unnið af Mótanefnd BSÍ í september 2011.